

**Nö.**

**196. Tillaga**

til þingsályktunar um ríkisprentsmiðju.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera fyrir næsta þing áætlun um stofnkostnað og starfrækslu ríkisprentsmiðju, er geti annast prentun ríkissjóðs og opinberra stofnana.

**Greinargerð.**

Það mun láta nærri, að prentkostnaður ríkissjóðs og opinberra stofnana nemi árlega 250—300 þús. krónum, að meðtöldum pappír, heftingu og fleiru þess háttar. Auk þess styrkir ríkissjóður bókaútgáfu ýmiskonar að talsverðu leyti. Telja má vist, að allmikið mætti draga úr þessum kostnaði, ef ríkissjóður ætti og ræki prentsmiðju.